

Forsætisnefnd

***Nýjar siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.***

Í 29. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórn skal setja sér siðareglur sem sendar skulu ráðuneytinu til staðfestingar. Ef siðareglur eru í gildi skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra. Ef niðurstaðan er sú að siðareglur þarfnist ekki endurskoðunar halda þær gildi sínu. Tilkynna skal ráðuneytinu um þá niðurstöðu. Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Á fundi forsætisnefndar 20. júlí 2018 var samþykkt að hefja endurskoðun gildandi siðareglna með vísan til 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Forsætisnefnd hefur haldið vinnufundi borgarstjórnar þar sem fjallað hefur verið um siðareglurnar undir stjórn Sigurðar Kristinssonar prófessors. Í lok þeirrar vinnu var stofnaður vinnuhópur kjörinna fulltrúa sem tók að sér að gera tillögu að nýjum siðareglum. Hópin skipuðu Pawel Bartoszek, Örn Þórðarson, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Jórunn Pála Jónasdóttir.

Er niðurstaða vinnuhópsins hér með lögð fyrir forsætisnefnd til þóknarlegrar meðferðar.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal

